

Ed.

687. Frumvarp

til laga um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Á meðan Norðurálfuófriðurinn stendur er landsstjórninni heimilt að veita sýslufjelögum, bæjarfjelögum og hrepps-fjelögum lán, til þess að afstýra almennri neyð af dýrtíð og matvælaskorti.

Lánin standi vaxta- og afborganalaus, þar til 2 ár eru liðin frá ófriðarlokum, en endurgreiðast á næstu 10 árum frá þeim tíma.

Landsstjórnin setur nánari ákvæði um lán þessi, úthlutun þeirra og notkun. Skal leitast við að verja þeim meir til atvinnubóta en hallærisstyrks beinlínis, og hvergi skal veita lán þessi nema full þörf sje sýnileg.

2. gr.

Ef nauðsyn krefur, skal landsstjórninni heimilt að veita lán samkv. 1. gr. í vörum, með sömu kjörum sem þar segir.

3. gr.

Enn fremur er landsstjórninni heimilt, á meðan Norðurálfríðurinn stendur, að verja fje úr landssjóði til atvinnubóta, svo sem til þess að undirbúa stórhýsi, er sýnilega þarf að reisa innan skamms, hafnargerðir, vita, brýr og vegi, og til að reka matjurtarækt í stærri stíl, námugróft eða önnur nauðsynjafyrirtæki.

4. gr.

Nú veita hreppsfjelög eða kaupstaðir einstökum mönnum lán, þeim til framfæris, eftir 15. sept. 1917 og þar til 3 mánuðum eftir ófriðarlok, og skulu þau lán eigi talinn sveitarstyrkur.

Lög þessi raska eigi gildandi ákvæðum laga um skifti hreppa á meðal um endurgreiðslu framlaga, er maður fær af dvalarsveit sinni.

5. gr.

Til framkvæmda þessum lögum heimilast landsstjórninni lántaka, svo sem þörf krefur.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.